

	kr.	kr.	56 19. maí
Flutt ...	273388,71	256713,42	
8. Til undirbúnings lögskipaðrar réttitunar	1000,00		
9. Til útgáfu ríkisgjaldaskýrslna árin 1925 og 1927	6756,00		
10. Til kostnaðar við kirkjumálanefnd	7100,00		
11. Til greiðslu á tunnutolli 1919	61160,15		
		349404,86	
Samtals ...		606118,28	

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Arnason.

L Ö G

um

breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

57

19. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Á 2. gr. vegalaga, nr. 41 1924, eru gerðar þessar breytingar:

I. Við A.

1. Fyrir »Landeyjar, Eyjafjöll« í tölulíð 1 kemur: Hvolbrepp inn Fljótshlíð að Teigi yfir Pverá.

57
19. maí

2. Aftan við tölulið 4 koma 2 nýir liðir:
 - a. Skeiðabraut, frá vegamótum Suðurlandsvegur, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að Brúarhlöðum.
 - b. Landbraut, frá Þjóðveginum hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
 3. Á eftir tölulið 6 kemur nýr liður:

Hafnarbraut, frá Höfn í Hornafirði á Þjóðveginn.
- II. Við B.
1. Við tölul. 1. bætist:

Frá Hnífsdal að Gemlufalli við Dýrafjörð.
 2. Við tölul. 2 bætist:

og frá vegamótum norðan Gljúfurár að Kláffossbrú.
 3. Á eftir tölul. 2 kemur nýr liður:

Laxárdalsvegur, frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum Þjóðvegur utan Borðeyrar.
- III. Við C.
1. Í stað orðanna í tölul. 1 »Um Tunguheiði að Þórshöfn« kemur:

Kringum Tjörnes, um Kelduhverfi, Óxarfjörð, Pistilfjörð að Þórshöfn.
 2. Aftan við tölul. 2 koma 2 nýir liðir:
 - a. Vesturhópsvegur, frá Múlavegi við Neðra-Vatnshorn að Hvalsbraut við suðurenda Vesturhópsvatns.
 - b. Skagastrandarvegur, frá Blöndubró við Blönduós til Skagastrandar.
 3. Aftan við tölul. 3 koma 3 nýir liðir:
 - a. Hofsósbraut, frá Hofsósi til Hjaltadalsárbrúar.
 - b. Eyjafjarðarbraut, frá Akureyri að Saurbæ.
 - c. Kópaskersbraut, frá Kópaskersvogi að vegamótum við Brunnárbrú.
- IV. Við D.
- Á eftir tölulið 4 kemur nýr liður:

Úthéraðsvegur, frá Eyvindarárbrú um Eiðapinghá og Hjaltastaðapinghá að Óshöfn.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.